

5. mars 2007  
SI-32755

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 27. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 618. mál, verðsöfnunartími vísitölu.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um breytingar á lögum um vísitölu neysluverðs, 576. mál, þar sem gert er ráð fyrir að verðupplýsingum vegna útreiknings vísitölnunnar verði safnað um miðjan hvern mánuð, í stað upphafs hvers mánaðar eins og verið hefur, og vísitalan birt í lok mánaðarins að lokinni yfirferð gagna og útreikningi.

Þar sem tíminn frá birtingu vísitölnunnar í lok hvers mánaðar til gildistöku hennar til verðtryggingar í næsta mánuði á eftir verður of stuttur þarf að breyta hlutaðeigandi ákvæði í lögum um vexti og verðtryggingu þannig að framvegis muni birting Hagstofunnar á vísitölu neysluverðs gilda fyrir verðtryggingu sparifjár og lánsfjár þar næsta mánuð á eftir, og er það efni frumvarpsins.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið og styður samþykkt þess.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson  
bankastjóri